

Mál nr. 135/2004

**M
og
Vátryggingafélagið X hf.**

Ágreiningur um bætur úr farmtryggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.7.2004 ásamt fylgiskjölum nr. 1 til 6.
2. Bréf X, dags. 6.8.2004.

Málsatvik.

Þann 15.10.2003 fékk M sendan til sín vörugám sem m.a. hafði að geyma snyrtivörur frá Frakklandi. M hafði tryggt vörurnar hjá Vátryggingafélaginu X samkvæmt tilteknum farmtryggingarskilmálum. Seinni hluta nóvembermánaðar, þegar tæmt var úr gámmum, kom í ljós að vörur vantaði sem þar áttu að vera. M hefur af þessum sökum krafist bóta úr farmtryggingunni. X hefur á hinn bóginn hafnað kröfunni og borið fyrir sig að gámurinn hafi verið tæmdur svo seint að endurkrafa á hendur farmflytjanda hafi fallið niður skv. 71. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en skv. b) lið 16. gr. skilmálanna hafi M borið að tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda haldist.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. þeirra farmtryggingarskilmála, sem til skoðunar eru í máli þessu, bætir vátryggingin allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þó með þeim undantekningum sem nánar segir í 4., 5., 6. og 7. gr. skilmálanna. Ekki verður séð að X beri fyrir sig að M hafi ekki orðið fyrir því tjóni sem deilt er um eða tjónið sé ekki bótaskyldt með vísan til einhverra þeirra undanþáguákvæða sem er að finna í 4. til 7. gr. skilmálanna. Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í b) lið 16. gr. skilmálanna ber m.a. vátryggðum að tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda haldist og verði beitt, þegar hætta er á að bótaskyldt tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið. Skýra ber ákvæði þetta í samræmi við 52. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga um að félagið ábyrgist ekki tjón sem vátryggður verður fyrir, ef hann vanrækir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi þá skyldu sína að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslukröfur félagsins þar til félagið getur gætt hagsmuna sinna sjálft og fara eftir fyrirmælum félagsins í þessu efni eftir því sem honum er unnt. Ekki hefur verið sýnt fram á að endurkrafa hafi stofnast á hendur farmflytjanda vegna hins umdeilda tjóns eða að hugsanleg endurkrafa hafi fallið niður af völdum ásetnings eða stórkostlegs gáleysis M. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki hjá því komist að telja tjónið bótaskyldt úr farmtryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyldt úr farmtryggingu hjá X.

Reykjavík, 17. ágúst 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.